

Nð.

382. Breytingartillaga

[136. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins.

Frá Gísla Guðmundssyni og Jóni Skaftasyni.

Við 2. gr. Aftan við greinina bætist svo hljóðandi málsgrein:

Enn fremur er ríkissjóði heimilt að verja á árinu 1966: 10 millj. kr. til greiðslu vinnsluuppbóta á þeim stöðum, sem fiskvinnsla ber sig ekki vegna erfiðrar aðstöðu, svo sem af því að hráefni skortir eða afli er sérstaklega dýr í vinnslu, enda sé vinnslan talin nauðsynleg vegna útgerðar á hlutaðeigandi stöðum. Ráðuneytið setur reglur um greiðslu uppbótanna, að fengnum tillögum Fiskifélags Íslands og Landsambands ísl. útvegsmanna.